

1917

Þriðjudaginn 15. ágúst 1995.

Nr. 275/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Steinari Braga Lemacks Jósefssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. ágúst sl., sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 13. september 1995, eins og krafist var í héraði.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að verknaði, sem um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður krafa sóknaraðila tekin til greina og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 13. september 1995.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 13. september 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1995.

Ár 1995, föstudaginn 11. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Steinari Braga Lemacks Jósefssyni, kt. 230378-5259, verði gert að seta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. september nk. kl. 16. Lagaákvæði, sem ætluð brot þykja varða við, eru 244. gr. eða 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi kærða mótmælti kröfu um gæsluvarðhald, en krafðist þess til vara, að varðhaldinu yrði markaður skemmri tími.

Kærði var handtekinn laust eftir kl. 3 sl. nótt ásamt öðrum manni, þar sem þeir voru á leið frá bifreið, er stóð við húsið nr. 20 við Skaftahlíð. Skömmu áður hafði lögreglu verið tilkynnt, að tveir menn væru að fara inn í bifreiðar við Skaftahlíð/Lönguhlíð. Þegar lögreglumenn komu á vettvang, sáu þeir, að afturljós loguðu á bifreiðinni R-77595, þar sem hún stóð við framangreint hús. Er lögreglumenn nálgudust bifreiðina, fóru tveir menn úr henni og gengu brott og voru þá handteknir.

Kærði hefur játað að hafa brotist inn í bifreiðina í félagi við manninn, sem handtekinn var með honum. Hann gerir lítið úr hlut sínum í málinu. Maðurinn, sem var með kærða, viðurkennir, að tilgangurinn hafi verið að nota bifreiðina til að flytja muni milli staða, en að því búnu hafi átt að skila henni á sama stað. Ber maðurinn, að kærði hafi spennt upp hurð bifreiðarinnar með skrufjární. Sjálfur hafi hann ætlað að aka henni, en þeir hafi ekki verið byrjaðir að reyna að gangsetja bifreiðina, þegar þeir urðu varir við lögreglu. Þeir hafi lagt upp í för frá dvalarstað kærða þeirra erinda að verða sér úti um bifreið og verið búnir að koma auga á bifreið neðar í sömu götu, en horfið frá því að brjótast inn í hana, þar sem þeir hafi séð, að fylgst var með þeim úr íbúð í nálægu húsi.

Kærði var dæmdur til átta mánaða fangelsisvistar með dómi 15. mars sl. Hann hefur afplánað þá refsingu að hluta, en var veitt reynslulausn 1. júlí sl.

Grunur beinist að kærða um tilraun til innbrotsþjófnaðar í hús eitt hér í borg aðfaranótt sl. mánudags. Gerð var krafa um gæsluvarðhald, en með úrskurði, upp kveðnum sl. þriðjudag, var kröfunni hafnað.

Frásögn kærða í máli því, sem verið er að rannsaka, miðar að því að gera hlut sinn sem minnstan. Skýrsla félaga hans er á hinn bóginn trúverðug. Rökstuddur grunur er um aðild kærða að máli því, sem hann var handtekinn út af sl. nótt. Þegar lítið er til fyrri háttsemi kærða, en hann hefur á tæpum 11 mánuðum sjö sinnum sætt gæsluvarðhaldi, og að hann virðist ekki ætla að láta skipast við reynslulausn, er full ástæða til að ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Með vísan til þess og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina.

1919

þó þannig, að gæsluvarðhaldið vari ekki lengur en til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.
